

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/1309
komudagur 9.3.2006

Alþingi - Umhverfisnefnd
 Hlín Lilja Sigfúsdóttir,
 nefndarritari
 Austurstræti 8-10
 150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2005
 Tilvísun: UST20051100101/sög

Umhverfisstofnun vísar til erindis Alþingis frá 15. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarpi til laga um upplýsingarétt um umhverfismál. Stofnunin hefur engar athugasemdir við efni frumvarpsins ef frá eru taldar athugasemdir við 10. gr. frumvarpsins hér að neðan.

Spurning er hvort og með hvaða hætti þær skyldur sem kveðið er á um í tilskipun Evrópusambandsins nr. 2003/4 eru uppfylltar hvað varðar upplýsingar sem falla undir verksvið Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun er mjög vel meðvituð um hlutverk sitt í þessu efni og leggur allt kapp á að miðla upplýsingum sem fyrst og á sem greinarbesta máta til almennings. Stofnunin heldur úti mjög virkri heimasíðu þar sem margvíslegar upplýsingar eru settar fram beint, bæði grunnupplýsingar sem og unnin gögn, ellegar með tenglum á aðrar stofnanir og aðila. Undanfarin ár hefur umtalsverðu fé og vinnu verið varið í þróun á opnu landfræðilegu upplýsinganeti um umhverfismál á netinu og jafnframt má á netinu nálgast rauntímaupplýsingar um loftgæði sem og samantektir og meðaltöl á eldri mælingum. Niðurstöður vöktunarverkefna og annarra mælinga á vegum stofnunarinnar (og í sumum tilfellum annarra aðila) eru settar á heimasíðuna um leið og þær liggja fyrir. Hér má nefna skýrslur um öryggi matvæla, um styrk þungmálma í mosa, AMSUM skýrslur um styrk mengunarefna í íslensku umhverfi o.s.v. frv. Margvíslegar upplýsingar um ástand umhverfis og umhverfismál almennt eru sendar annað til birtingar eða úrvinnslu, s.s. til Hagstofu Íslands, sem gefur þær út í hagvísunum. Að lokum má nefna að Umhverfisstofnun gefur reglulega út Umhverfisvísa, rit um ástand umhverfismála þar sem samantektir á þróun þeirra þátta umhverfisins sem heyra undir stofnunina eru settar fram á skipulegan máta. Umhverfisstofnun hefur fullan hug á að útvíkka þessa þjónustu.

Spurning er hvort 1. -3. mgr. 7. gr. tilskipunarinnar kalli á laga- eða reglugerðarbreytingar. Um almenna miðlun upplýsinga er fjallað í 10. gr. frumvarpsins en í takmörkuðu mæli þó. Í samræmi við ofangreindan vilja stofnunarinnar til að veita almenningsi aðgang að þeim gögnum um umhverfissmál sem hún hefur yfir að ráða telur stofnunin rétt að útfæra ákvæði 10. gr. draganna frekar og mæla þannig með skýrum hætti fyrir um hlutverk og skyldur stjórnvalda í þessum efnum. Enda ljóst að aukin þjónusta í þessum efnum kallar á aukin kostnað sem ríkissjóður þarf að fjármagna.

Virðingarfyllst
 Sigurður Örn Guðleifsson

Árni Bragason